

Að verjast sporðdrekum¹

Fólk er undrandi, hrætt og jafnvel fyrtið andspænis verulegri fjölgun sporðdreka í Buenos Aires, borg þar sem þetta afbrigði áttfætlna var óþekkt þar til fyrir stuttu.

Fólk sem skortir ímyndunarafl grípur til of hefðbundinna ráða til að verjast sporðdrekum: Að nota eitur. Aðrir sem ekki eru eins ófrumlegir fylla hús sín slöngum, froskum, körtum og eðlum í von um að þau gleypi sporðdrekana. Báðum hópum mistekst því miður. Sporðdrekarnir neita staðfastlega að láta ofan í sig eitrið og skriðdýrin og froskdýrin fúlða við sporðdrekunum. Flestum tekst einungis eitt í vanmætti sínum og fljótfærni: Að magna – ef það er mögulegt – hatur sporðdrekanna á mannkyninu öllu.

Ég nota aðra aðferð. Ég hef án árangurs reynt að vinna henni fylgis en eins og aðrir brautryðjendur er ég misskilinn. Í lítillæti mínu tel ég aðferðina ekki bara þá bestu heldur einnig einu mögulegu aðferðina við að verjast sporðdrekum.

Aðferðin byggist á því að forðast beina orrustu, ráðast heldur til atlögu með tilviljunarkenndum skyndiárásum og varast að sýna sporðdrekunum opinn fjandskap. (Ég veit að það þarf að fara að öllu með ýtrustu gát, því stunga sporðdreka getur verið banvæn. Það er rétt að ef ég træði mér í kafarabúning yrði ég algjörlega óhultur fyrir sporðdrekunum, en þá fengju sporðdrekarnir ekkert minna en staðfestingu á því að ég er hræddur við þá. Því ég er logandi hræddur við sporðdrekana. En það er nauðsynlegt að halda ró sinni.)

Ein grunnaðferð – árangursrík og laus við öfgar og óheppilega tilgerð – byggist á tveimur einföldum skrefum. Það fyrra felst í að loka buxaskálmunum með þröngum teygjum til þess að sporðdrekarnir geti ekki skriðið upp fótleggina á mér. Það seinna, að látast vera ótrúlega kulsækinn og vera alltaf með leðurhanska til

1 Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir þýddi. Út bókinni *Cosas de vieja. Y otros 19 cuentos* (2011).

Þess að þeir stingi mig ekki í hendurnar. (Fleiri en einn niðurrifsmaðurinn hafa aðeins bent á ókostina sem þessi aðferð hefur í för með sér á sumrin án þess að taka með í reikninginn hinar óneitanlega almennt jákvæðu hliðar.) Hvað höfðinu viðvíkur er best að hafa það óhulið. Það er besta aðferðin fyrir okkur til að sýnast hugrökk og bjartsýn andspænis sporðrekunum og þeir eru ekki vanir að kasta sér ofan úr loftinu yfir andlit mannskepnunnar þó það komi vissulega fyrir. (Það henti að minnsta kosti látna grannkonu mína, móður fjögurra töfrandi barna sem núna eru móðurlaus. Og til að gera illt verra hefur þessi tilviljunarkenndi atburður alið af sér ranghugmyndir sem einungis gera baráttuna gegn sporðrekunum langdregnari og erfiðari. Reyndar staðhæfir ekillinn, án nokkurra vísindalegra sannana, að sporðrekarnir hafi laðast að hinum mjög svo heiðbláa lit augna hinnar myrtu og leggur fram sem veikburða sönnun þessarar fljótþærnislegu fullyrðingar þá staðreynd, sem er alger tilviljun, að stungurnar hafi skipst jafnt, þrjár og þrjár, á hvort hinna bláu augna. Ég held því fram að þetta sé hrein bábilja, spunnin upp af huglausum heila þessa veiklundaða náunga.)

Á sama hátt og í vörninni er best að látast ekki taka eftir tilvist sporðrekanna þegar sótt er að þeim. Þannig tekst mér líkt og af tilviljun – eins og þið eigið eftir að komast að – að drepa á milli áttatíu og hundrað sporðreka daglega.

Ég nota eftirfarandi aðferð, sem ég vona að verði tekin upp í þágu mannkyns og, ef mögulegt er, þróuð áfram.

Með kæruleysislegu látbragði sest ég á bekk í eldhúsinu og fer að lesa dagblaðið. Af og til lít ég á klukkuna og tuldra, nógu hátt til þess að sporðrekarnir heyri: „Fjandinn sjálfur! Þessi djöfulsins Pérez hringir ekki!“ Ég læt þessa óstundvísi Pérezar ergja mig og nota tækifærið til að stappa nokkrum sinnum reiðilega í gólfíð. Þannig myrði ég ekki færri en tíu sporðreka af þeim ótölulega fjölda sem þekur gólfíð. Með óreglulegu millibili tjái ég óþolinmæði mína og á þennan hátt tekst mér að drepa dágóðan fjölda. Án þess þó að vanrækja hinn óteljandi fjölda sporðreka sem þekja loftið og veggina (fimm skjálfandi, titrandi, iðandi svört höf). Af og til, þegar ég geri mér upp eitt af mínum þykjustu móðursýkisköstum kasta ég einhverjum þungum hlut í vegginn, síbölvandi þessum fjandans Pérez sem lætur mig bíða eftir að hann hringi. Því miður

hef ég nú þegar brotið mörg bollapör og lifi lífi mínu innan um beyglaðar pönnur og potta en vörnina gegn sporðdrekum þarf að gjalda dýru verði. Óhjákvæmilega hringir einhver að lokum. „Þessi Pérez!“, æpi ég og hleyp í hendingskasti að símtækinu. Þá er asinn slíkur, þá er óþreyja mín þvílík, að ég tek ekki eftir þúsundum og aftur þúsundum sporðdreka sem eru eins og mjúkt teppi á gólfinu og merjast undir fótum mér, hlaupkenndir og stökkir eins og egg. Stundum – en bara stundum, ekki má ofnota þessa aðferð – hrasa ég og dett kylliflatur og tekst þannig að auka enn frekar ummál höggisins og þar af leiðandi fjölda dauðra sporðdreka. Þegar ég stend upp aftur eru fötin mín skreytt límkennendum hræjum ótal sporðdreka. Að tína þá af mér er vandasamt verk en gerir mér kleift að njóta sigursins.

Núna langar mig að gera stuttan útdúrdúr til að segja frá því sem henti mig fyrir nokkrum dögum og er lýsandi í sjálfu sér. Og þar lék ég hlutverk, án þess að ætla mér það, sem ég leyfi mér að kalla hetjulegt.

Það var um hádegisleytið. Ég kom að eldhúsborðinu þöktu sporðdrekum eins og venjulega, borðbúnaðinum þöktum sporðdrekum, eldavélinni þakinni sporðdrekum ... Með þolinmæði, með æðruleysi, með fjarrænu augnaráði sópaði ég þeim niður á gólf. Þar sem baráttan við sporðdrekana tekur mestallan minn tíma ákvað ég að útbúa mér fljótlega máltíð: fjögur spæld egg. Ég var svo að borða þau og fjarlægði af og til frakkan sporðdreka sem hætti sér upp á borðið eða spígsporaði á hnjúnum á mér þegar allt í einu hrundi niður á diskinn minn ofan úr loftinu – eða kastaði sér – óvenju líflegur og kraftalegur sporðdreki.

Steini lostinn slepti ég hnífapörunum. Hvernig átti að túlka þessa framkomu? Var þetta tilviljun? Persónuleg árás? Bein stríðs-yfirlýsing? Ég var ráðvilltur örlitla stund ... Til hvers ætluðust sporðdrekarnir af mér? Þar sem ég er orðinn mjög sjóaður í baráttunni við þá áttaði ég mig fljótt. Þeir ætluðu sér að fá mig til að breyta um varnaðferð, fá mig til að gera beina árás. En ég var sannfærður um áhrif herkænsku minnar, þeim tækist ekki að plata mig.

Ég horfði með niðurbældum ofsa á dökkar lappir sporðdrekans busla í egginu, ég horfði á búkinn gegnblotna smám saman í

eggjaraudunni, ég horfði á eitradan halann slást til og frá í loftinu eins og hönd drukknandi manns að biðja um hjálp ... Sé horft á það hlutlausum augum var dauðastríð sporðdrekans tilkomumikið sjónarspil. En mér fannst það dálítið ógeðslegt. Það lá við að ég guggnaði, ég var að hugsa um að fleygja því sem var á diskinum í ruslið. En ég er viljasterkur og náði taumhaldi á mér. Að öðrum kosti hefði andstyggð og vanþóknun þúsunda og aftur þúsunda sporðdreka sem af endurnýjaðri tortryggni fylgdust með mér úr loftinu, af veggjunum, gólfinu, eldavélinni og ljósakrónunum unnið baráttuna ... Þá hefðu þeir fengið ástæðu til að telja á sig ráðist og hver vissi hvað þá gæti gerst.

Ég herti upp hugann, lést ekki taka eftir sporðdrekanum sem enn barðist um á diskinum mínum, snæddi hann annars hugar með eggjunum og þurrkaði meira að segja af diskinum með brauðbita til að skilja ekki eftir minnstu örðu af hvorki eggjum né sporðdreka. Þetta var ekki eins viðurstyggilegt og ég hafði óttast. Ef til vill svolítið rammt en sú tilfinning gæti líka hafa orsakast af því að bragðlaukarnir höfðu ekki enn vanist bragðinu af sporðdreka. Eftir síðasta munnbitann brosti ég alsæll. Því næst datt mér í hug að kítínið í sporðdrekanum, aðeins harðara en ég hefði viljað, mundi ef til vill valda mér meltingatruflunum og af nærgætni, til að móðga ekki hina sporðdrekana, fékk ég mér glas af sódavatni.

Það eru til ýmis afbrigði af þessari aðferð en það er jú nauðsynlegt að muna að brýnast er að ganga þannig til verks að látast ekki taka eftir nærveru – eða öllu heldur tilvist – sporðdrekana. Og þó, núna sækja að mér efasemdir. Mér finnst eins og sporðdrekanir séu farnir að gera sér ljóst að árásir mínar eru ekki tilviljunarkenndar. Í gær þegar ég lét pott af heitu vatni óvart detta á gólfið tók ég eftir að ofan af ísskápshurðinni fylgdust um það bil þrjú til fjögur hundruð sporðdrekar með mér fullir gremju, tortryggni og ásökunar.

Ef til vill er mín aðferð líka dæmd til að mistakast. En eins og er dettur mér engin betri í hug til að verjast sporðdreku.